

Pingskjal 8

Fræðslumál

Stefna

FV skal styðja markmið sveitarfélaga á Vestfjörðum um að auka gæði í skólastarfi og koma grunn- og leikskólum á starfsvæðinu í hóp þeirra bestu á landsvísu. Aðgengi að menntun og gæði skólastofnana geta skipt sköpum í búsetuvali. Leggja skal áherslu á sérstöðu landshlutans í málefnum framhaldsskólans, háskólaseturs og símenntunar, sérstaklega þar sem aðgengi að þjónustu, starfsfólki og landfræðilegar aðstæður eru þess eðlis að mögulega þarf að huga að sérlausnum svo sem dreifnámi og fjarnámi.

Ályktun

Þriðja haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Ísafirði dagana 5.-6. október 2018 skorar á stjórnvöld að efla þær aðgerðir og verkefni sem hrint hefur verið af stað á undanförunum árum til að efla menntunarkosti og hækka menntunarstig á Vestfjörðum. Fjórðungsþing Vestfirðinga leggur áherslu á mikilvægi fullorðinsfræðslu fyrir Vestfirði og starfsemi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða í því samhengi. Fræðslumiðstöðin hefur auk reglubundinnar starfssemi lagt áherslu á nýsköpun til að mæta breytingum í atvinnulífi. Öflug fullorðinsfræðsla er lykilþáttur til að hægt sé að nýta til fulls tækifæri fjórðu iðnbyltingarinnar.

Fjórðungsþing Vestfirðinga krefst þess að sett verði fram frumvarp til laga um starfsemi lýðháskóla og þeim tryggð fjármagn starfsemi.

Fjórðungsþing Vestfirðinga leggur áherslu á að haldið sé úti fjölbreyttu bók- og starfsnámi við Menntaskólann á Ísafirði og að ekki sé þrengt að starfsemi skólans með óhagstæðum rekstarmódelum sem miðuð eru við fjölmennari skóla eða stór upptökusvæði fyrir nema. Staðbundið framhaldsnám er hluti af jöfnuði í búsetuskilyrðum landsmanna og öflug starfsemi Menntaskólans á Ísafirði og starfsemi framhaldsdeilda á Patreksfirði og nú á Hólmarvík er þar afar mikilvægur þáttur. Gera þarf iðnnámi hærra undir höfði með því að minnka kröfur um lágmarksfjölda nemenda í hópum.

Fjórðungsþing Vestfirðinga leggur áherslu á að stjórnvöld leggi Vestfirðingum lið í að efla starfsemi Háskólaseturs Vestfjarða. Háskólasetur Vestfjarða hefur fest í sessi alþjóðlegt meistaranám á sviði haf- og strandsvæðastjórnunar og verður ný námsbraut í Sjávarbyggðafraeðum sett af stað haustið 2019. Tryggja þarf fjármagn til beggja námsbrauta til framtíðar.